

49
8. júní

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga, skammstafað F. V. Á. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að fiskihverfi Ölfusár, og eru þær þessar:

Ölfusá: Óseyrarnes, Hraun, Hraunshjáleiga, Lágar, Hraunshóll, Flóagafll, Hallskot, Kaldaðarnes, Lambastaðir, Kálfhagi I og II, Arnarbæli, Auðsholti og hjál, Kirkjuferja, Litla-Sandvík, Kotferja, Stóra-Sandvík I og II, Eyði-Sandvík, Björk, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Þórustaðir, Árbær, Selfoss I, II og III, Hellir og Fossnes, Laugardælur, Laugarbakkar, Tannastaðir.

Sog: Alviðra, Torfastaðir I og II, Norðurkot, Miðengi, Bildsfell, Tunga, Ásgarður, Syðri-Brú.

Hvítá: Skrúðvangur, Öndverðarnes, Hraunkot, Stóra-Ármót, Snæfoksstaðir, Vaðnes, Langholt I og II, Hallandi, Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Arnarbæli I og II, Kiðjaberg, Hestur, Brúnastaðir I og II, Oddgeirshólar, Höfði, Austurkot, Hjálmholt, Laugar, Árhraun, Gíslastaðir, Vatnsnes, Hamrar I og II, Útverk, Miðbýli, Fjall I og II, Iða I og II, Skálholt I og II, Laugarás, Auðsholt I til IV, Höfði, Hvítárholt, Bræðratunga, Halakot, Ásakot, Lambhúskot, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Borgarholtskot, Bryðjuholt, Kópavatn, Gróf, Skipholt, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir, Einiholt, Haukholt, Foss, Hlíð, Gýgjarhóll, Gýgjarhólkskot, Brattholt, Tungufell, Jaðar.

Brúará og Hagaós: Hverakot, Kringla, Bjarnastaðir, Þórisstaðir, Reykjanes, Mosfell, Sel, Spóastaðir, Hagi, Miklaholt, Syðri-Reykir, Böðmódsstaðir, Efri-Reykir, Efsti-Dalur I og II.

Tungufljót: Hrosshagi, Torfastaðir, Reykjavellir, Brautarhóll, Stóra-Fljót, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I og II.

Fullsæll: Tjörn, Brekka.

Andalækur: Miðhús, Úthlíð, Hrauntún, Stekkholt, Austurhlíð, Stritla.

Litla-Laxá: Efra-Langholt I og II, Langholtskot, Snússa, Efra-Sel, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaðir, Gróf, Grafarbakki I og II, Hvammur, Högnastaðir, Ós, Reykjadalsskot, Reykjadalur, Hruni, Þverspyrna, Berghylur, Klúftir, Flúðir.

Stóra-Laxá: Unnarholt, Unnarholtskot, Bolafótur, Eiríkibakki, Ósabakki, Syðra-Langholt I og II, Birtingaholt, Reykir, Sandlækur, Sandlækjarkot, Skarð, Glóra, Háholt, Hrepphólar, Hólakot, Núpstún, Sóleyjarbakki, Hlíð, Sólheimar, Laxárdalur, Hörgsholt, Kaldbakur, Hrunakrókur.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að gera laxveiði á félagssvæðinu sem arðmesta með því

a) að reka laxaklak,

b) að breyta til um veiðiaðferðir,

c) að útrýma sel og öðrum veiðivargi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt landslögum.

4. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur

fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en fimm ára í senn, nema 49
lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slík veiðileyfi 8. júní
yrði til umræðu. Þó skulu jarðeigendur, sem hafa stundað stangarveiði fyrir land-
areign sinni, og sem kjósa að notfæra sér hana framvegis á sama hátt, hafa for-
gangsrétt til veiðiréttarins fyrir landareign sinni.

Félagsstjórn er og heimilt að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn
sameiginlega á einum stað eða fleirum ef hentara þykir.

5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax eða silung í vötnum á félagssvæðinu nema með
sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og
veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið sé veitt.

6. gr.

Félagið rekur laxaklak á þeim stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við
fiskiræktarráðunaut. Leggja skal áherzlu á það, að klekja út minnst 100 seiðum
fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

7. gr.

Æðsta vald í öllum félagsmálum hefir aðalfundur. Hann skal haldinn ár hvert
fyrir lok febrúarmánaðar. Til aukafundar getur félagsstjórnin kvatt, þegar henni
þykir þess þörf. Skytt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna
krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna
eru á fundi eða hafa gefið öðrum, sem þar mæta, skriflegt umboð til þess að mæta
fyrir sig.

Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema þar, sem samþykkt þessi
mælir fyrir um aukinn meirihluta.

Til funda skal kvatt með skriflegri tilkynningu til hvers félagsmanns eða tvi-
tekinni tilkynningu í útvarpi með hálfis mánaðar fyrirvara.

8. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál í þeirri röð, sem hér segir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið almanaksár með athugasemdum
endurskoðanda lagðir fram og úrskurðaðir.
3. Kosið í stjórn félagsins samkv. 11. gr., bæði aðalmenn og varamenn.
4. Kosinn 1 endurskoðandi úr flokki félagsmanna til tveggja ára og annar til vara.
5. Stjórnin lýsir eftir föngum hugmyndum sínum um rekstur félagsins á næsta
starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp kunna að verða borin.

9. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykktum þessum þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða á lögmæt-
um aðalfundi. Til þess að slíta félaginu þarf ályktun um það að hafa verið sam-
þykkt á tveim lögmætum fundum í röð með eigi færri en $\frac{2}{3}$ atkvæða. Ef fundur
verður ekki lögmætur sökum fámennis, skal kveðja til fundar á ný innan þriggja
vikna. Skal þá tekið fram í fundarboði, að til fundar sé kvatt á ný vegna þess,
að ekki mættu nógu margir á hinum fyrra fundi til þess, að hann væri lögmætur.
Er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hve margir mæta á honum.

10. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundarsamþykktir orðréttar og stutta skýrslu
um annað, sem gerist á félagsfundum. Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok

49 og bornar undir atkv. Skulu þær síðan undirritaðar af fundarstjóra, skrifara og 8. júní viðstöddum stjórnarmönnum.

11. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og 3 varamönnum, og skal jafnan 1 aðalstjórnarnefndarmaður, að minnsta kosti, vera af eftirtöldum svæðum: 1. Ölfushreppur. 2. Sandvíkurhreppur og Eyrarbakki. 3. Hraungerðishreppur og Grímsnes. 4. Gnúpverja- og Hrunamannahreppur og Skeið. 5. Biskupstungur og Laugardalur. Varamaður gengur til fulls í stjórnina ef aðalmaður deyr eða vikur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórninni í þeirri röð, að fyrstur kemur sá, sem kosinn var með flestum atkvæðum, o. s. frv.

Stjórn félagsins, aðalmenn og varamenn, skulu kosnir til þriggja ára í senn, og ganga þeir úr stjórninni á víxl, fyrsta árið 1, annað árið 2 samkv. hlutkesti, og síðan eftir aldri í stjórninni.

Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn félagsins nema um jafnmörg ár og hann hefir áður verið í stjórninni. Með samþykki hans má endurkjósa hann.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundur er lögmætur ef meir en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók, og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær.

12. gr.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum milli félagsfunda, sér um framkvæmdir fyrir félagið, heldur reikninga þess og kveður til félagsfunda.

Félagsstjórnin hefir heimild til að taka lán fyrir félagið og getur skuldbundið það og eignir þess með ályktunum sínum og samningum.

13. gr.

Arði af starfsemi félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir. Gildir hún til tveggja ára í senn, nema fyrirfram sé ákveðið að hún skuli gilda um skemmri tíma. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram næsta tímabil.

Félagsmenn greiða kostnað af starfsemi félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 10—1000 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Nú er félaginu slitið, og sé það þá í skuld umfram eignir, skal jafna henni niður á félagsmenn í sama hlutfalli og þeir tóku arð. Eignir þær, sem félagið kynni að eiga skulu afhentar sýslunefnd Árnassýslu til vörzlu, unz fiskræktar- eða veiðifélag er stofnað aftur á sama svæði.

Samþykkt þessi staðestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og þirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.